

**282. fundur bæjarráðs Snæfellsbæjar, haldinn miðvikudaginn 25. janúar 2017 og hófst hann í Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 12:00.**

**Mættir:**

Kristjana Hermannsdóttir  
Júníana Björg Óttarsdóttir  
Fríða Sveinsdóttir  
Kristinn Jónasson, bærarstjóri  
Lilja Ólafardóttir, bæraritari

Formaður bæjarráðs setti fund og bauð fundarmenn velkomna á fundinn. Var svo gengið beint til boðaðrar dagskrár.


**Dagskrá:**


- 1) **Bréf frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu, dags. 11. janúar 2017, varðandi ósk um tilnefningu í skólanefnd Fjölbrautaskóla Snæfellinga.**  
Bæjarráð samþykkti samhljóða að fela bærarstjóra að vera í samvinnu við hin sveitarfélögin á Snæfellsnesi um tilnefningar í skólanefndina.
- 2) **Bréf frá Orkusjóði, dags. 5. janúar 2017, varðandi afgreiðslu sérstakra styrkja Orkusjóðs 2016.**  
Lagt fram til kynningar.
- 3) **Tölvubréf frá íþróttá- og æskulýðsfulltrúa, dags. 7. janúar 2017, ásamt gögnum um áætlun vegna dekkjakurls.**  
Sigrún Ólafsdóttir, íþróttá- og æskulýðsfulltrúi, mætti á fundinn og var hún boðin velkomin. Mikil umræða skapaðist um að skipta út gervigrasi á sparkvöllunum í Ólafsvík og á Hellissandi. Bæjarráð samþykkti að vísa ákvörðun um sparkvellina til bærarstjórnarfundar í næstu viku. Í millitíðinni er íþróttá- og æskulýðsfulltrúa falið að leita tilboða.
- 4) **Umsókn Jófríðar Magnúsdóttur, dags. 16. janúar 2017, um leyfi til náms samhljóða starfi.**  
Bæjarráð samþykkti umsóknina samhljóða.
- 5) **Bréf frá Fjölbrautaskóla Snæfellinga, dags. 11. janúar 2017, varðandi skólaakstur við skólann á vorönn 2016.**  
Lagt fram til kynningar.
- 6) **Bréf frá Fasteignasölnunni Hof, dags. 12. janúar 2017, varðandi forkaupsrétt Snæfellsbæjar að Snæfelli – Hvítahúsinu í Krossavík.**  
Bæjarráð samþykkti samhljóða að falla frá forkaupsrétti að húsinu.
- 7) **Bréf frá leikskólastjóra Snæfellsbæjar, dags. 12. janúar 2017, ásamt endurbættri matsáætlun fyrir leikskóla Snæfellsbæjar.**  
Lagt fram til kynningar.
- 8) **Bréf frá Sýslumanninum á Vesturlandi, dags. 18. janúar 2017, varðandi ósk um umsögn Snæfellsbæjar um ósk Ragnhildar Sigurðardóttur um tækifærisleyfi vegna þorablóts í félagsheimilinu á Lýsuhóli þann 18. febrúar 2017.**  
Bæjarráð samþykkti fyrir sitt leyti umókn Ragnhildar Sigurðardóttur um tækifærisleyfi vegna þorablóts í félagsheimilinu á Lýsuhóli þann 18. febrúar n.k., að því tilskildu að umhverfis- og skipulagsnefnd, slökkviliðsstjóri og yfirmaður tæknideildar gefi jafnframt jákvæða umsögn.
- 9) **Bréf frá umsjónarmönnum með félagsstarfi eldri borgara, dags. 16. janúar 2017, varðandi ósk um að félagsstarfinu verði fundið annað húsnaði en Klif. Var óskað eftir Líkninni.**  
Bæjarráð getur því miður ekki úthlutað Líkn fyrir þessa starfsemi þar sem húsnaðinu hefur þegar verið úthlutað til annars.
- 10) **Umsókn um hundahald: Stefanía Sólborg Guðmundsdóttir sækir um að fá að halda hundinn Dexi.**  
Bæjarráð samþykkti umsóknina samhljóða.


- 11) **Bréf frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu, dags. 13. janúar 2017, varðandi eftirfylgni með úttekt á leikskólum Snæfellsbæjar.**  
Lagt fram til kynningar.
- 12) **Bréf frá Sýslumanninum á Vesturlandi, dags. 15. desember 2016, varðandi afskriftarbeiðnir 201610181117465 og 201602161154405. Lagt fram á fundinum.**  
Bæjarráð samþykkti samhljóða báðar afskriftarbeiðnir. Sjá trúnaðarmálabók.
- 13) **Minnispunktur bæjarstjóra.**
  - a) Rætt um tjónamál.
  - b) Rædd starfsmannamál.
  - c) Rætt um fjarskiptamál.


Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:20

  
Kristjana Hermannsdóttir

  
Jónína Björg Óttarsdóttir

  
Friða Sveinsdóttir

  
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri

  
Lilja Ólafardóttir, bæjarritari